



153. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 9. október 2008 kl. 16:15 í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésen, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Engilbert Olgeirsson og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ástand efnahagsmála á Íslandi

Forseti opnaði umræðuna um ástandið í efnahagsmálum á Íslandi í dag. Hann fór yfir þætti sem haft geta áhrif á íþróttahreyfinguna með beinum og óbeinum hætti. Miklar umræður urðu um málið.

Samþykkt að senda bréf út til hreyfingarinnar með hvatningarorðum og itreka gildi íþróttavíð aðstæður sem þessar. Einnig að hvetja hreyfinguna til að sýna aðgát í fjármálum.

Samþykkt að skipa umræðuhóp um efnahagsástandið og áhrif þess á íþróttahreyfinguna, undir stjórn Lárusar Blöndal varaforseta. Aðrir í hópnum verði Örn Andrésen úr framkvæmdastjórn ÍSÍ ásamt fulltrúum frá ÍBR, GSÍ, HSÍ, KSÍ og KKÍ. Forseti sitji fundina eftir þörfum.

Forseti ritar pistil á heimasíðu ÍSÍ í takt við þau skilaboð sem send verða út í hreyfinguna. Samþykkt að boða til fjármálaráðstefnu í nóvembermánuði þar sem ofangreind málefni verði í brennidepli.

2. Heiðursveitingar

Glimufélagið Ármann heldur upp á 120 ára afmæli félagsins laugardaginn 12. október nk. Samþykkt að heiðra eftirtalda einstaklinga:

Grímur Valdimarsson – Heiðurskross ÍSÍ
Guðrún Stella Gunnarsdóttir – Gullmerki ÍSÍ
Hrefna Sigurðardóttir – Gullmerki ÍSÍ
Þórir Kjartansson – Gullmerki ÍSÍ
Snorri Þorvaldsson – Silfurmerki ÍSÍ
Björn Magnús Tómasson – Silfurmerki ÍSÍ
Jón Þór Ólason – Silfurmerki ÍSÍ

Forseti mun mæta í afmælið og heiðra ofangreinda.

3. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- a) 152. fundar framkvæmdastjórnar
- b) Fræðsluviðs frá 10.9.2008

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari